

TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR FRÁ HVERAGERÐI OG AUSTUR FYRIR SELFOSS

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að áhrif tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss hafi óhjákvæmilega í för með sér talsverðar breytingar á hljóðvist og ásýnd svæðisins auk þess sem áhrif á gróður og fugla verða talsvert neikvæð af veglínu 1, en áhrif á jarðmyndanir verða ekki veruleg, hvorki af veglínu 1 eða veglínu 2. Stofnunin telur að veglína 1 muni ekki hafa veruleg áhrif á menningarminjar en veglína 2 kunni að hafa talsverð áhrif. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif veglínu 2 og áhrif á gróður, fugla og útivist verði neikvæðari en af veglínu 1, en ákveðin óvissa ríki um hversu mikil þau kunni að vera.

Eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Í því ljósi bendir Skipulagsstofnun framkvæmdaraðila og leyfisveitendum á að með því að taka ákvörðun um þann valkost sem hefur síður neikvæð umhverfisáhrif og fallast á tillögur stofnunarinnar um skilyrði fyrir framkvæmdinni er komið til móts við fyrrgreint markmið laganna.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni og byggja þau á rökstuðningi í niðurstöðukafla álitsins.

1. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi áætlun um vöktun umferðarþróunar um Suðurlandsveg. Í áætluninni sé jafnframt tryggt að viðkomandi sveitarstjórnum verði kynntar reglulega niðurstöður vöktunarinnar og gerð grein fyrir því tímanlega hvenær umferð nálgist þau mörk að grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir að hljóðstig fari viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.
2. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi greinargerð og samninga um það votlendissvæði sem ætlunin er að endurheimta á móti því sem tapast, helst í nágrenni framkvæmdarinnar.
3. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi vöktunaráætlun, í samráði við fuglafræðinga, þar sem vakta skal áflug fugla á fyrirhugaða brú yfir Ölfusá. Í áætluninni sé tilgreint í hverju vöktunin felist og sett skilgreind viðmið um hvenær ástæða þyki til að grípa til mögulegra mótvægisáðgerða í samráði við Umhverfisstofnun.

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ	4
2.1	Fyrirhuguð framkvæmd.....	4
2.2	Markmið og ávinnungur.....	7
2.3	efnistaka.....	8
2.4	Núllkostur	8
2.5	Áfangaskipting.....	8
2.6	Kostnaður.....	8
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	8
3.1	Vægiseinkunnir	9
3.2	Áhrif á náttúrufarsþætti	9
3.2.1	Jarðmyndanir	9
3.2.2	Gróður	10
3.2.3	Fuglar.....	10
3.2.4	Vatnalíf	11
3.3	Áhrif á menningarminjar	12
3.4	Áhrif á menn og samfélag	14
3.4.1	Hljóðvist	15
3.4.2	Sjónræn áhrif.....	16
3.4.3	Áhrif á útivist	17
3.4.4	Flóðahætta	18
4	STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA	20
5	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	21

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 7. desember 2009 sendi Vegagerðin, frummatsskýrslu um Suðurlandsveg frá Hveragerði austur fyrir Selfoss í Hveragerðisbæ, Sveitarféluginu Ölfusi, Sveitarféluginu Árborg og Flóahreppi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 11. desember 2009 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 11. desember 2009 til 29. janúar 2010 á bókasafninu í Hveragerði og Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi í Þjóðarbókhloðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.vegagerdin.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfuss, Sveitarfélagsins Árborgar, Flóahrepps, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisviðs), Fornleifarverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun sendi umsagnir og athugasemdir til Vegagerðarinnar.

Þann 11. maí 2010 sendi Vegagerðin matsskýrslu um Suðurlandsveg frá Hveragerði austur fyrir Selfoss í Hveragerðisbæ, Sveitarféluginu Ölfusi, Sveitarféluginu Árborg og Flóahreppi til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Þann 4. og 7. júní 2010 sendi Skipulagsstofnun framkvæmdaraðila fyrirspurnir í tölvupósti og var þeim svarað samdægurs.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Suðurlandsvegur frá Hveragerði austur fyrir Selfoss í Hveragerðisbæ, Sveitarféluginu Ölfusi, Sveitarféluginu Árborg og Flóahreppi. 7. desember 2009.

Önnur gögn: Viðauki með sérfræðiskýrslum.

Umsagnir bárust frá:

- Hveragerðisbæ með bréfi dags. 16. desember 2009
- Flóahreppi með bréfi dags. 25. janúar 2010
- Sveitarféluginu Árborg með bréfi dags. 8. janúar 2010
- Sveitarféluginu Ölfusi með bréfi dags. 25. janúar 2010
- Fiskistofu með bréfi dags. 10. desember 2010
- Fornleifarvernd ríkisins með bréfi dags. 8. janúar 2010
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 28. desember 2009
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2010
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 14. janúar 2010

Athugasemdir bárust frá:

- Helgi Eggertsson og Helga Ragna Pálsdóttir með bréfi dags 19. janúar 2019
- Magnús Ólafsson f.h. Fossvélá með bréfi dags. 20. janúar 2010
- Lögmenn Suðurlands f.h. stjórnar Skógræktarfélags Selfoss með bréfi dags. 28. janúar 2010
- Ólafur H. Einarsson f.h. Reiðleiðanefnd Ljúfs með bréfi dags. 28. janúar 2010

- Jörundur Gauksson f.h. eigenda jarðanna Kross, Sandhóls og Bakkárholt í Ölfusi með bréfi dags. 29. janúar 2010
- Hróðmar Bjarnason f.h. Eldhesta með tölvupósti dags. 29. janúar 2010
- Jóhanna Guðmundsdóttir með tölvupósti dags. 1. febrúar 2010
- Jónas G. Hauksson með tölvupósti dags. 1. febrúar 2010
- Valdimar Grímsson með tölvupósti dags. 1. febrúar 2010
- Órn Karlsson f.h. Gljúfurbyggðar með tölvupósti dags. 1. febrúar 2010

Matsskýrsla: Suðurlandsvegur frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss. Hveragerðisbæ, Sveitarfélagini Ölfusi, Sveitarfélagini Árborg og Flóahreppi. 11. maí 2010. Með matsskýrslu fylgdu afrit umsagna og athugasemda.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Vegagerðin greinir frá í matsskýrslu að áformað sé að tvöfalda Suðurlandsveg, Hringveg 1 á um 13,6 km kafla frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss, þar sem byggður verður 2 + 2 vegur, um 34 m breiður með 11 miðdeili og fernum vegamótum. Tvöföldun vegarins fylgi nýir hliðar- og tengivegir alls um 11 km langir.

2.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Veglína. Í matsskýrslu kemur fram að núverandi vegur muni nýtast sem önnur akbraut vegarins á um 4,5 km kafla. Hann verði breikkaður til suðurs frá Hveragerði að Kotströnd, en til norðurs frá Hvammsvegi eystri og austur fyrir Þórustaði. Þá muni núverandi vegur nýtast sem hliðarvegur á tveimur stöðum, alls um 3,3 km kafla, frá Kotstrandarkirkju að Hvammsvegi eystri og frá afleggjara að Þórustöðum að hringtorgi norðan við Selfoss. Vegurinn muni liggja í nýju vegstæði, norðan við núverandi veg, annars vegar frá Kotströnd að Hvammsvegi eystri og hins vegar frá Þórustöðum og að Suðurlandsvegi austan Selfoss, alls rúmlega 8 km. Austan við Biskupstungnabraut komi til greina að leggja veginn yfir Ölfusá um Efri-Laugardælaeyju (veglína 1) eða nálægt gömlum ferjustað (Laugardælaferju) sunnan Grímskletta (veglína 2). Veglína 1 sé í samræmi við aðalskipulag Árborgar og Flóahrepps og hafi önnur landnotkun tekið mið af þeirri legu Suðurlandsvegar. Við gamla ferjustæðið (veglína 2) renni Ölfusá í þróngum farvegi og þar þurfi mun styrti brú en veglína 1 yrði farin. Einnig sé veglína 2 ákjósanleg með tilliti til þekktra jarðmyndana og sprungusvæða.

Athugasemdir íbúa í Gljúfrárbyggð fjalla m.a. um hvort ekki sé hægt að leggja veginn suður fyrir Velli og að Kotströnd. Þá gera Eldhestar athugasemdir við að einungis hafi verið lagður fram einn kostur veglínu austur fyrir Biskupstungnabraut.

Vegagerðin vísar til samráðs og samkomulags sveitarfélaganna um staðsetningu vegarins. Með því að nýta núverandi vegstæði verði umfang framkvæmdarinnar mun minna en ella.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er gerð athugasemd við staðsetningu vegarins frá Varmá að Krossamel. Telur sveitarfélagið að frekar ætti að tvöfalda veginn norðan núverandi vegstæðis. Með því mætti m.a. hlifa Klifklettum.

Í umsögn Hveragerðisbæjar er nýrri veglínu við Sólborgarhverfið mótmælt. Pannig muni vegurinn verða 20 – 25 m norðar en nú er og skerða fyrirhugað athafnasvæði sveitarfélagsins.

Vegagerðin bendir á að sjónarmið sveitarfélaganna stangist á. Suðurlandsvegurinn sé á sveitarfélagamörkum og hvorugt sveitarfélaganna vilji að vegurinn verði breikkaður inn í þeirra lögsögu. Við hönnun vegarins hafi verið haft í huga að hámarka nýtingu núverandi vegar og taka tillit til hæðarlegu aðliggjandi lands. Til að hlífa Klifklettum þurfi að sleppa mislægum gatnamótum á Vallavegamótum eða fára þau að Kotströnd. Það samræmist ekki hugmyndum sem settar hafi verið fram af sveitarfélögnum.

Í umsögn Flóahrepps kemur fram að ekki sé vilji til að breyta gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins sem geri ráð fyrir veglinu 1.

Vegamót og hliðarvegir. Fram kemur í matsskýrslu að á veginum verði fjögur mislæg gatnamót, við Velli, Hvammsveg eystri (374), Biskupstungnabraut (35) og við Laugardæli austan Selfoss. Hliðarvegi við Vallavegamótin sé ætlað að þjóna Ölfusborgum, fyrirhuguðu Sólborgarhverfi, Glúfurárholti, Velli, Hóteli Eldhesta, Krossi og fleiri bæjum og til að tengjast Hvammsvegi vestari. Hliðarvegurinn verði minnst 18 m frá Suðurlandsvegi. Í matsáætlun hafi verið kynntar tvær leiðir hliðarvegar við Gljúfurárholti. Fallið hafi verið frá hugmynd um hliðarveg inn í fyrirhugað íbúðahverfi m.a. vegna þess að hæðarlega þar sé erfið og leiðin lengri. Auk þess myndi sú leið lengja leið þeirra sem fara vilja um fáfarna vegi innan sveitar, akandi og hjólandi.

Hvergerðisbær gerir athugasemd við útfærslu Vallavegamótana og telur að tengja eigi yfir Suðurlandsveginn, en ekki undir hann. Hvergerðisbær leggur til að gerð verði tígulvegamót með hringtorgi yfir Suðurlandsveginn sem hafi í för með lágmarks sjónræn áhrif og minni hávaðamengun í bænum.

Vegagerðin svarar því til að tenging yfir Suðurlandsveg kalli á miklar fyllingar sunnan við vegamótin, hún taki mikið rými og hafi mikil sjónræn áhrif í för með sér.

Gerð er athugasemd fyrir hönd Gljúfurbyggðar við að ekki skuli gerðar af Suðurlandsvegi þannig að hægt verði að komast beint inn á Hvammsveg vestari og að fyrirhugaðri atvinnustarfsemi.

Vegagerðin telur þessar hugmyndir ekki ásættanlegar því fjarlægð frá mislægum vegamótum verði of lítil m.t.t. umferðaráryggis og greiðfærni.

Hótel Eldhestar gera athugasemdir við legu vegarins og að hann verði breikkaður til suðurs og einnig að hliðarvegir verði sunnan vegarins. Bent er á að taka verði tillit til þess að starfsemi hafi verið rekin á Völlum síðan 1996 en óvissa ríki um uppbyggingu norðan vegarins. Því sé rétt að breikka veginn til norðurs.

Vegagerðin bendir á að með breikkun núverandi vegar (til suðurs eða norðurs), sé verið að tryggja hámarksnýtingu fyrilliggjandi vegar og auka gæði vegarins. Væri vegurinn breikkaður til norðurs austan Hveragerðis yrði farið um svæði þar sem hæðarlega er erfiðari en sunnan vegar.

Í umsögn skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Ölfuss koma fram áhyggjur af umferðaráryggi vegna staðsetningar hliðarvega og hæðarlegu þeirra. Þá gerir skipulagsnefnd Ölfuss athugasemd við að umfang vegamóta við Velli og Hvammsvegar eystri taki mikið pláss.

Vegagerðin svarar að hliðarvegir muni hafa mismunandi hæðarlegu og vera a.m.k. 18 metrum frá Suðurlandsvegi, sem ætti ekki að valda truflun frá ökutækjum úr gagnstæðri átt. Mikið land muni fara undir vegamótin en við hönnun þeirra hafi verið lögð áhersla á að draga úr umfangi þeirra og halda hæðarlegu núverandi vega. Staðsetning vegamótanna við Velli sé hentug vegna hæðarlegu en nauðsynlegt sé að fórná Klifklettum.

Skógræktarfélag Selfoss gerir athugasemdir vegna vegamóta við Selfoss og bendir á að tryggja þurfi aðkomu að Stóra-Helli.

Vegagerðin bendir á að aðkoma að svæði skógræktarfélagsins upp með Ölfusá muni ekki breytast og akfært verði undir brúarendann. Ekki sé mögulegt að leyfa tengingu frá nýjum Suðurlandsvegi en ef þörf verður talinn á nýrri tengingu að Stóra- Helli í framtíðinni yrði sú aðkoma að vera frá Biskupstungnabraut..

Aksturgöng. Fram kemur að áetlað sé að gera göng undir Suðurlandsveg við Kotstrandarkirkju og á mörkum jarðanna Sandhóls og Bakkárholts, sem tengja muni hliðarvegi norðan og sunnan Suðurlandsvegar. Þá verði veggöng við Þórustaðanámu og malarflutningabílum áetlað að fara um hliðarvegi og inn á Suðurlandsveg um Hvammsvegamót og Selfossvegamót. Gert sé ráð fyrir að unnt verði að aka undir nýja Ölfusárbrú á báðum bökkum Ölfusá.

Í athugasemnum sem gerð var f.h. eigenda jarðann Kross, Sandhóls og Bakkárholts í Ölfusi kemur fram að mikilvægt sé að göngin á mörkum Sandhóls og Bakkárholts verði hönnuð þannig að hægt verði að nýta landið norðan vegar með hvaða hætti sem er en ekki aðeist til beitar eða takmarkaðra nota. Þá koma fram áhyggjur eigenda Bakkárholts um að aðkoma að jörðinni verði ekki trygg norðan vegar.

Sveitarfelagið Ölfus gerir tillögu um að hætt verði við áform um hliðarveg við Kögunarhól austur að Þórustaðaafleggjara en frárein verði gerð til austur að Þórustöðum og aðrein til vesturs frá veki að Þórustaðanámu.

Vegagerðin telur það ekki ásættanlegt að bæta við að- og fráreinum við Þórustaði og gera vegamótin þannig mislæg og bendir á að með þessu móti verði fjarlægð milli vegamóta lítil. Með því að taka af umræddan hliðarveg verði ekki möguleiki að fara um fáfarinn veg innan sveitar.

Fossvélar gera athugasemd við aðgengi að Þórustaðanámu. Tryggja verði að stöðlum verði fylgt og hönnun mannvirkja taki mið af umferð stórra tækja.

Vegagerðin svarar því til að gert verði ráð fyrir því að hægt verði að opna hjáleið með leyfi Vegagerðarinnar og lögreglustjóra.

Ölfusárbrú. Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt veglínu 1 verði gerð brú á Ölfusá í tveimur höfum um Efri-Laugardælaeyju og að Svarfhólsvelli austan árinnar. Samkvæmt veglína 2 verði Ölfusá þveruð um 400 m norðan Efri-Laugardælaeyju og vegurinn liggja um útvistarsvæði Árborgar á vestur bakka árinnar, um 100 m sunnan

við Grímskletta, og um golfvöll á austur bakka árinnar þar sem nú sé golfskáli á Svarfhólsvelli.

Fram kemur að til greina komi að gera stagabréf eða bogabréf samkvæmt veglínu 1, en samkvæmt veglínu 2 stagabréf með turn á vesturbakka Ölfusár eða bogabréf.

Vegna brúargerðar í veglínu 1 sé ráðgert að farvegur Ölfusár verði stíflaður að hluta austan Efri-Laugardælaeyju. Sá hluti farvegsins sé að mestu grunnur og rennsli árinnar muni lítið truflast. Bráðabirgðabréf verði gerð út í eyjuna og varnargarður þar við verði hannaður með tilliti til flóðahættu á Selfossi. Gera megi ráð fyrir að bráðabirgðabréf og tengd mannvirki muni standa í 2-3 ár. Áhrif brúargerðar við veglínu 2 á rennsli Ölfusár yrðu engin því með gerð stagabréf eða bogabréf verði mögulegt að byggja án þess að trufla rennsli árinnar.

Hjóla- göngu og reiðleiðir. Fram kemur í matsskýrslu að gert sé ráð fyrir að hliðarvegir meðfram Suðurlandsvegi verði nýttir fyrir göngur og hjóreiðar. Umferð gangandi og hjólandi verði eftir hliðarvegi norðan Suðurlandsvegar frá Hveragerði að veggöngum við Kotströnd og sunnan vegar þaðan og allt að Selfossi. Göngu- og hjólastígur verði á nýrrí Ölfusárbrú.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir reiðgöngum við Varmá, vestan Kögunarhóls og austan Þórustaðavegar og að hægt verði að ríða undir Gljúfurárbrú. Að auki verði mögulegt að komast á hestum undir Suðurlandsveg í farvegi Bakkárholtssára og með bökkum Ölfusár, þó svo að reiðleiðir hafi ekki verið skipulagðar þar. Hægt verði að teyma hross á fyrirhuguðum göngu-og hjólastíg á Ölfusárbrú.

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins Ölfuss og reiðleiðanefnd Hestamannafélagsins Ljúfs gera athugasemdir við að ekki verði gerð reiðgöng vestan við Kögunarhól.

Vegagerðin bendir á að mögulegt verði að fara ríðandi undir Suðurlandsveg á 5 stöðum frá Varmá að Biskupstungnabraut. Auk þess sé gert ráð fyrir göngu- og reiðgöngum vestan við Kögunarhól.

2.2 MARKMIÐ OG ÁVNINGUR

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að auka umferðaráryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar með því að aðskilja akstursstefnur og fækka vegamótum. Umferð á Suðurlandsvegi hafi aukist mjög hratt á síðustu árum, hraðar en landsmeðaltal. Við gerð umferðarspár hafi verið miðað við umferð um Suðurlandsveg árið 2007, þróun umferðar síðustu ár og líklega íbúaþróun á svæðinu. Niðurstöður gefi til kynna að umferðin geti tvöfaldast til ársins 2030.

Fram kemur að með því að skilja að akstursstefnur um veginn verði dregið verulega úr líkum á árekstri ökutækja sem aki í gagnstæðar áttir, en algengustu óhöppin verði vegna útafaksturs. Til að draga úr hættu á bílveltum vegna slíkra slysa sé gert ráð fyrir að öryggissvæði vegarins verði 12 m breitt og vegfláar 1:4. Öll vegamót og tengingar við Suðurlandsveg verði mislæg og tengingum inn á veginn fækkað umtalsvert frá því sem nú sé. Hliðarvegir verði samfelldir með fram Suðurlandsvegi, sem gert sé ráð fyrir að hjólandi og gangandi vegfarendur muni nýta sér. Suðurlandsvegar austan Biskupstungnabrautar muni draga úr umferð um Selfoss.

Vegagerðin telur að breikun Suðurlandsvegar muni hafa verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi og afköst vegarins í heild. Óhöppum og alvarlegum slysum muni fækka.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er bent á setja þurfi vegrið á milli akreina og minnka þannig belti sem fari undir miðdeili.

Vegagerðin svarar því til að með því að skilja að akstursstefnur verði minni truflun frá umferð úr gagnstæðri átt. Ekki sé talin þörf á vegrið fyrr en dagleg umferð um veginn verði meiri en 20.000 bílar.

2.3 EFNISTAKA

Fram kemur að nota þurfi um 1.517 þúsund m³ rúmmetra af efni til framkvæmdanna og af því fáist um 291 þúsund m³ úr skeringum. Efni verði sótt í námur með tilskilin leyfi.

2.4 NÚLLKOSTUR

Fram kemur að mögulegt sé að halda núverandi veki óbreyttum sem ekki sé ásættanlegt vegna umferðaröryggis.

2.5 ÁFANGASKIPTING

Fram kemur að í matsáætlun hafi verið gert ráð fyrir að fjallað yrði um 2+1 veg og mögulega áfangaskiptingu verksins. Eftir ítarlega skoðun sé talið heppilegast að byggja hann strax sem 2+2 veg í endanlegrí útfærslu í stað þess að byggja fyrst 2+1 veg á milli Hveragerði og Biskupstungabrautar. Sama eigi við um vegamót við Velli og Hvammsveg eystri. Á framkvæmdarsvæðinu sé framræst votlendi og landbúnaðarland með mikilli jarðvegsþykkt. Líkur séu á land sigi misjafnlega og kostnaðarsamt verði að breikka veginn síðar á slíku landi. Því sé ekki talinn kostur að byggja fyrst 2+1 veg og breikka hann síðar. Mögulegt sé að byggja Selfossvegamót í tveimur áföngum þannig að fyrst yrðu byggðar tvær brýr í stað fjögurra. Gerður yrði 1+1 vegur að Ölfusá og í stað fjögurra akreina brú yfir Ölfusá verði fyrst gerð tveggja akreina brú. Lagt sé til að í fyrsta áfanga verði hringtorg byggt á Laugardælavégamótum.

2.6 KOSTNAÐUR

Fram kemur að áætlaður heildarkostnaður vegna 2+2 vegar með mislægum vegamótum og nýrri brú yfir Ölfusá í veglinu 1 sé allt að 12,2 milljarðar króna, miðað við verðlag í október 2009. Veglína 2 sé 400 – 1.000 milljónum ódýrari eftir því hvaða brúargerð verði valin.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í dómi Hæstaréttar frá 22. október 2009 í máli nr.671/2008 komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að umhverfisráðherra hefði verið óheimilt að taka tillit til umferðaröryggis í úrskurði sínum frá 5. janúar 2007 um mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar er til umfjöllunar var. Að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið taldi Skipulagsstofnun að túlka bæri dóminn á þann veg að óheimilt væri að líta til slysahættu eða umferðaröryggis, vegalengdar, ferðatíma á milli staða og kostnaðar vegfarenda af slíkri för og kostnað veghaldara vegna viðhalds, snjóhreinsunar og hálkuvarna þegar lagt er mat á umhverfisáhrif framkvæmdar. Telur Skipulagsstofnun

að eðli máls samkvæmt eiga atriði af þessum meiði það sammerkt að vera grundvallarpættir í tilgangi og markmiði veglagningar. Skipulagsstofnun vakti athygli Vegagerðarinnar á umrædda túlkun stofnunarinnar og ráðuneytisins í bréfi til Vegagerðarinnar dags. 25. nóvember 2009.

Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við það að í matsskýrslu fjallar Vegagerðin um umferðaröryggi og greiðari samgöngur þegar lagt er mat á samfélagsleg áhrif framkvæmda við Suðurlandsveg. Skipulagsstofnun telur eftir sem áður að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir tilgangi eða markmiði framkvæmdar og lýsa gerð hennar og umfangi. Einnig að greina frá hvaða ávinning framkvæmdin geti haft í för með sér, án þess að ávinnungur sem snýr að þeim atriðum sem dómurinn telur upp sé veginn inn í mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Markmiði og ávinnungi tvöföldunar Suðurlandsvegar er gerð ágæt skil í 3. kafla matsskýrslunnar, en á hinsvegar í ljósi framangreinds ekki erindi inn í 4. kafla hennar þar sem fjallað er um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

3.1 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Greint er frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er **verulega neikvæð**, þá **talsvert neikvæð**, því næst **óveruleg** og síðar **talsvert jákvæð** og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem **verulega jákvæð**. Þá er einnig notað hugtakið **óvissa**, ef ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti. Skýringar á skilgreiningu ofangreindra vægiseinkunna er að finna í matsskýrslu og eru sambærilegar við þær sem birtast í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

3.2 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFARSPÆTTI

3.2.1 Jarðmyndanir

Fram kemur að framkvæmdin valdi varanlegum breytingum á því landi sem nýr vegur fari um og taki framkvæmdin til 109 ha lands. Vestast á framkvæmdasvæðinu séu Hellisheiðabraun og Hagavíkurbraun sem liggi undir allt að 3,5 m djúpu jarðvegslagi, en þar sem náttúrulegt yfirbragð hraunsins sé sýnilegt, milli Varmár og Vallarvegamóta, hafi því verið raskað með lagningu vegslóða. Samtals muni hraunin skerðast um 0,2 ha. Framkvæmdasvæðið austan Ölfusár liggi um Þjórsárhraun, sem sé að mestu hulið jarðvegi og gróðri nema nærrí bökkum árinnar. Skerðing á hrauninu í vegglínu 1 um Selfoss verði allt að 8,8 ha en 8,5 verði veglína 2 valin. Af framkvæmdasvæði nýs 2+2 vegar milli Hveragerðis og Selfoss munu um 18 % af lengd vegkaflans liggja um nútímahrauna.

Vegagerðin kemst að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði óveruleg, fyrir báðar veglínur. Skerðing nútímahrauna verði lítil miðað við heildarflatarmál hraunanna sem um ræðir og þeim hafi verið raskað. Á svæðinu sé stærsti hluti bergrunnsins hulinn þykkum jarðvegi og bein áhrif framkvæmdarinnar á hann því óveruleg.

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir þ.e. að þau verði ekki veruleg. Þrátt fyrir að vegurinn muni liggja um nútímahraun m.a. Þjórsárhraun mikla og önnur eldhraun frá nútíma sem njóta verndar 37. gr. náttúruverndarlaga telur Skipulagsstofnun rétt að

taka tillit til þess að hraunin eru að mestu hulinn jarðvegi og gróðri eða hefur verið raskað nú þegar. Að mati stofnunarinnar er verndargildi þeirra minna en úfinna apalhrauna eða sléttra helluhrauna á yfirborði. Því megi leiða rök fyrir því að röskun þeirra teljist ekki verulega neikvæð áhrif.

3.2.2 Gróður

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdarsvæðið liggi að mestu um landbúnaðarland og áhrif túnræktar og framræslu einkenni svæðið. Grös, hálfgrös og votlendisgróður séu ríkjandi. Norðvestan Hellisskóga muni vegurinn fara um lítt raskað votlendi, rúmlega 3 ha aðsvæði og lagt til að það verði endurheimt í stað þess sem tapast. Vegagerðin er ekki talin hafa áhrif á sjaldgæfar plöntur og engar válistategundir fundust. Þá kemur fram að veglína 1 muni ekki raska skógræktarsvæði við Ölfusá, Hellisskógi. Ekki kemur fram í matsskýrslu hversu stór hluti Hellisskógar muni verða fyrir beinum áhrifum ef veglína 2 verði valin.

Í athugasemd Skógræktarfélags Selfoss er alfarið lagst gegn veglínú 2.

Niðurstaða Vegagerðarinnar er að áhrif framkvæmdanna á óraskað gróðurlendi verði óveruleg á mest öllu framkvæmdarsvæðinu en verði talsvert neikvæð á svæðinu milli Biskupstungabrautar og Ölfusár, miðað við báðar veglínur.

Skipulagsstofnun er í meginatriðum sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar um áhrif framkvæmdarinnar á gróður. Að mati stofnunarinnar augljóst að framkvæmdirnar munu raska 109 ha landssvæði, sem að stærstum hluta er ræktað eða vaxið náttúrulegum gróðri. Áhrif á gróður verði því talsvert neikvæð. Auk þess munu raskast rúmlega 3 ha af votlendi sem nýtur verndar 37. gr. náttúruverndarlaga. Skipulagsstofnun telur að áður en framkvæmdaleyfi verði gefið út liggi fyrir staðfesting Vegagerðarinnar um að búið sé að tryggja svæði til þess að endurheimta votlendi á móti því sem tapast, helst í nágrenni framkvæmdarinnar.

Vegna veglínú 2 telur Skipulagsstofnun að óvissa ríki um áhrif hennar á gróður í landi Hellisskógs þar sem í matsskýrslunni koma ekki fram upplýsingar um ástand skógarins. Því er ekki hægt að fullyrða um áhrif framkvæmdarinnar á trjágróður þar. Þó er ljóst að vegalagnning skv. veglínú 2 mun hafa neikvæð áhrif á trjágróðurinn þar sem skv. matsskýrslu mun veglína 2 raska þriðjungi útvistarsvæðisins. Skipulagsstofnun bendir á að ef fella þarf trú í skóginum verður Vegagerðin að leita leyfis Skógræktar ríkisins skv. lögum um skógrækt nr. 3/1955.

3.2.3 Fuglar

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaður Suðurlandsvegur og mismunandi leiðir hans yfir Ölfusá fari hvergi um svæði á náttúruminjaskrá né alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA). Á svæðinu séu 22 tegundir fugla sem séu á válista eða teljast ábyrgðartegundir.

Fram kemur að Ölfusá sé mikilvæg farleið fugla og samkvæmt reynslu séu líkur á að fuglar muni fljúga á brýr á veginum, sem æskilegt sé að fylgjast með. Verði vegurinn lagður samkvæmt veglínú 1 sé líklegt að framkvæmdin hafi áhrif á álf og straumönd, álf tin sé varpfugl á svæðinu og straumöndin hugsanlega varpfugl þar. Áhrif framkvæmdanna á aðra fugla séu lítil. Í matsskýrslu kemur fram að með tilliti til fugla sé veglína 2 yfir Ölfusá ákjósanlegrí en veglína 1. Þar verði styrti brú og Efri-

Laugardælaeyju yrði ekki raskað og þá sé minna fuglalíf á þeim stað en við brúarstæði í veglínu 1.

Umhverfisstofnun tekur undir áhyggjur fuglasérfræðinga og leggur til að áflug fugla á brýr verði vaktað í kjölfar framkvæmdarinnar. Niðurstöður vöktunarinnar verði nýttar til að meta þörf á mótvægisáðgerðum, t.d. a gera stög sýnilegri með lýsingu eða merkingum.

Niðurstaða Vegagerðarinnar er sú að breikkun og tilfærsla Suðurlandsvegar samkvæmt veglínu 1 hafi talsverð neikvæð áhrif á fuglalíf, sértsaklega við Ölfusá, en áhrif af veglínu 2 verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að við mat á áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf verði að hafa í huga að ítarlegri rannsóknir voru gerðar á fuglalífi við Ölfusá en á landi. Niðurstöður þeirra nýtast til að segja til um hugsanleg áhrif á fuglalíf Ölfusár miðað við mismunandi veglínur, en meiri óvissa ríkir um áhrif veglínanna á fuglalíf á landi, t.d. í Hellisskógi ef veglína 2 yrði valin.

Skipulagsstofnun er sammála mati Vegagerðarinnar um að áhrif á fuglalíf við Ölfusá kunni að verða talsvert neikvæð ef farið verður yfir Ölfusá samkvæmt veglínu 1. Þau verði að mestu óbein vegna hávaða og röskunar fuglalífs á framkvæmdatíma en að hluta til varanleg vegna röskunar á varpsvæðum fugla, þar með talið varpsvæði grágæsar og álfatar í Efri – Laugardælaey, sem eru ábyrgðar – og/eða válistategundir. Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt sérfræðiskýrslu er hugsanlegt að brandugla verpi í Hellisskógi, en fuglinn flokkast sem ábyrgðar- og válistategund. Skipulagsstofnun getur því ekki fallist á niðurstöðu Vegagerðarinnar um að áhrif á fuglalíf verði óveruleg samkvæmt veglínu 2 yfir Ölfusá, þar sem brandugla, sem flokkast sem ábyrgðar- og válistategund, er hugsanlegur varpfugl í Hellisskógi skv. sérfræðiskýrslu. Rannsóknir sérfræðinga miðuðu eingöngu við veglínu 1 þegar metin voru áhrif á ábyrgðar- og válistategundir og því er ekki hægt að leggja mat á áhrif veglínu 2 á þær tegundir. Skipulagsstofnun telur að vegna skorts á upplýsingum sé óvissa um áhrif veglínu 2 á fuglalífi.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnu um að vakta beri hugsanlegt áflug á fyrirhugaðar brýr yfir Ölfusá, þar sem áin er mikilvæg farleið fjölda fugla. Skipulagsstofnun leggur til að Vegagerðin vinni vöktunaráætlun í samráði við fuglafræðinga, þar sem fram þarf að koma að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun og í kjölfarið tekin ákvörðun um möguleika á mótvægisáðgerðum ef ástæða þykir til. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi skilyrði um að fyrnefnd vöktunaráætlun liggi fyrir af hálfu Vegagerðarinnar áður en framkvæmdaleyfi verði veitt.

3.2.4 Vatnalíf

Í matsskýrslu kemur fram að uppeldis- og hrygningarsvæði laxfiska séu í Varmá, Gljúfurá, Bakkárholtssá og Ölfusá. Vegaframkvæmdir og vinna við þverun vatnsfalla hafi bein áhrif á vatnalíf, t.d. með því að breyta botngerð þess sem geti leitt til varanlegra áhrifa á þéttleika og samsetningu lífríkisins árinna. Því sé mikilvægt að lágmarka rask í eða við farvegi vatnsfalla meðan á framkvæmdum við Suðurlandsveg standi. Gætt verði að því að olfur frá tækjum eða önnur skaðleg efni berist ekki í ár á framkvæmdasvæðinu, sérstaklega við Ölfusá og Varmá. Í ánum eru talsverðar fisknytjar og Varmá og nágrenni hennar eru á Náttúruminjaskrá. Lögð verði áhersla á

að brúargerð raski sem minnst farvegi Varmár. Nýr farvegur í Gljúfurá verði hannaður þannig að þar verði botngerð hentug sem búsvæði. Bráðabirgðatengingar út í Efri-Laugardælaeyju, vegna brúargerðar, munu hafa tímabundin áhrif á göngur og uppeldissvæði fiska, en líklega verði hægt að færa aðstæður til fyrra horfs eftir að brúarsmíðumljúki. Tímasetja þurfi framkvæmdar í samræmi við veiðitíma og viðkvæm skeið í lífsferlum fiska í samráði við sérfræðinga.

Vegagerðarinnar telur að langtímaáhrif á vatnalíf verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur leggur til grundvallar í álti sínu að framkvæmdin mun ná til vatnsfalla þar sem gæta þarf fyllstu varúðar til að lágmarka bæði skammtíma – og langtímaáhrif hennar á vatnalíf. Tryggja þarf að olfa og steypa og önnur skaðleg efni berist ekki í árnar, sem minnst rask verði á botni áんな og mjög mikilvægt er að gætt sé að tímasetningu framkvæmdar svo viðkvæm skeið í lífsferlum fiska skaðist ekki. Sérstaklega er þetta mikilvægt í sambandi við þverun Ölfusár og Varmá. Varmá og nágrenni hennar er á Náttúruminjaskrá auk þess sem tölverðar fisknytjar eru í báðum ánum. Mjög mikilvægt er að Vegagerðin hafi öflugt samráð við sérfræðinga á sviði vatnalíffræði um alla tilhögun framkvæmda við ár á framkvæmdasvæðinu. Í matsskýrslunni er fjallað um helstu áherslur sem kynntar eru sérfræðiskýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á ár og vötn og leggur Skipulagsstofnun ríka áherslu á að eftir þeim verði farið.

Skipulagsstofnun telur einsýnt að á meðan framkvæmdum standi muni verða tímabundin neikvæð áhrif á lífríki Ölfusár og Varmár auk Gljúfurár og Bakkárholtssár. Skipulagsstofnun tekur undir niðurstöðu Vegagerðarinnar um að áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf verði ekki veruleg að því gefnu að fylgt verði því verklagi sem boðað er í matsskýrslu meðan á framkvæmdum standi og tilhögun frágangs að þeim loknum.

3.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að Fornleifafræðistofan hafi kannað vegstæði Suðurlandsvegar frá Hveragerði austur fyrir Selfoss með tilliti til fornleifa. Farið hafi verið yfir a.m.k. 100 m breitt svæði sín hvoru megin við hinur fyrirhuguðu veglínur. Alls hafi fundist 16 staðir með fleiri en 24 fornleifum á hinu kannaða svæði í kringum fyrirhugaðan Suðurlandsveg.

Af stöðunum 16 séu 13 taldir vera í mikilli tímabundinni hættu, en þá sé gengið út frá því að hægt verði að taka tillit til þeirra við framkvæmdina og að hættan verði engin eftir að henni ljúki. Engar friðlýstar fornleifar hafi fundist á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Aftur á móti er greint frá því í matsskýrslu að hugleiða mætti að friðlýsa fornleifar Moshól (2:1) og Rima (3:1) og, Hellisbrúna (75:1).

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji að rúst (68:1) og garði (69:1) stafi ekki hætta af framkvæmdinni en telur að rétt sé að girða af gerðið (nr. 70:1) sem sé um 30-40 metra vestan vegarins nálægt Varmá og gera verktökum grein fyrir tilvist garðs (nr. 72:1) sem einnig er þar vestan vegar. Vekja þurfi athygli á öðrum garði nokkru austar undir háspennulínunni við Velli (nr.8:1) svo honum verði ekki raskað. Rúst (71:1) ætti ekki að stafa hætta af framkvæmdinni, né fjárhúsrúst (9:1), en hún hafi þegar verið skráð og telur Fornleifavernd ríkisins það fullnægjandi.

Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi rústina við Kotstrandarhól (nr. 63) greinilega á meðan á framkvæmd stendur.

Fornleifavernd ríkisins telur í umsögn sinni merkingu Rima (nr. 3:1) nauðsynlega mótvægisaðgerð, en vegna þess að fleiri rústir kunni að leynast á svæðinu telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að grípa til ráðstafana vegna þessa. Tvær leiðir komi til greina í því sambandi. Annars vegar að fornleifafræðingur verði fenginn til að fylgjast með framkvæmd á svæðinu. Ef fornleifar komi í ljós þurfi að stöðva framkvæmdarhluta og taka afstöðu til hvers konar rannsókna sé þörf á fornleifunum og framkvæma þær eða að grafa könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og ganga þannig úr skugga um hvort þar leynist fornleifar. Finnist fornleifar við slíka athugun þurfi á sama hátt að taka afstöðu til hvers konar rannsókna er þörf á og framkvæma þær. Rannsóknunum væri hægt að ljúka áður en framkvæmd við vegagerðina hefst.

Þá kemur fram í umsögn Fornleifaverndar ríkisins að verði veglína 1 fyrir valinu telji stofnunin að rannsaka þurfi rústina í Efri-Laugardælaeyju (nr. 4:1) með fornleifauppgreftri.

Verði veglína 2 fyrir valinu telur Fornleifavernd ríkisins að gæta þurfi þess að rask á Hellisbrú verði eins lítið og mögulegt er. Grafa þurfi könnunarskurði í Hellisbrú þar sem veginum verði raskað til að fá betri hugmynd um uppbyggingu hans og til að kanna hvort leifar um eldri veg leynist undir sýnilegu minjunum.

Í matsskýrslu kemur fram að Eyktamark (nr. 1:3) í landi Laugardæla sé áberandi kletthóll svo að ekki ætti að þurfa að merkja hann en Fornleifavernd ríkisins telur að gera ætti verktökum grein fyrir gildi hólsins og að hann megi ekki skemma.

Fornleifavernd ríkisins telur í umsögn sinni að rannsaka þurfi rústir við Moshól/Múskot (nr.2:1) með uppgreftri sem raskast munu vegna vegagerðar. Mjög óljóst sé hversu rústasvæðið er stórt. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana vegna þessa. Annað hvort að fornleifafræðingur verði fenginn til að fylgjast með framkvæmd á svæðinu og komi fornleifar í ljós þurfi að stöðva framkvæmdarhluta og taka afstöðu til hvers konar rannsókna er þörf á fornleifunum og framkvæma þær með tilheyrandi töfum á framkvæmd. Hin leiðin væri að grafa könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og ganga þannig úr skugga um hvort þar leynast fornleifar. Ef fornleifar finnast við slíka athugun þarf á sama hátt að taka afstöðu til hvers konar rannsókna er þörf á fornleifunum og framkvæma þær. Rannsóknunum væri hægt að ljúka áður en framkvæmd við vegagerðina hefst.

Fornleifavernd ríkisins bendir á í umsögn sinni að klettabelti, álfakirkja, í landi Laugardæla (nr.1:4), gæti raskast vegna hugsanlegrar útfærslu á veglínú 2. Slíkir staðir hafi ekki eingöngu varðveislugildi heldur jafnframt oft tilfinningagildi fyrir heimamenn og því leggi stofnunin áherslu á að komist verði hjá raski á álfakirkjunni.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki kröfur um mótvægisaðgerðir vegna ferjustaðarins (73:1) og (5:1), staðar sem tengist þjóðtrú (74:1), bæjarhóls Svarfhóls (1:1), brunns (1:2) í landi Laugardæla eða rústar (1:5) í landi Laugardæla.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að allt rask á fornleifum varði við þjóðminjalög og þurfi leyfi Fornleifaverndar ríkisins til slíks og setji einnig þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra fornleifa sem ekki séu taldar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þurfi einhverskonar mótvægisáðgerðir með leyfi Fornleifaverndar. Fornleifavernd ríkisins minnir á að varast beri að hafa vinnubúðir eða önnur athafnasvæði of nálægt fornleifum og haga ber akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Í matsskýrslu kemur fram að Vegagerðin muni tryggja að farið verður eftir ábendingum og athugasemdu Fornleifaverndar ríkisins og að upplýsingarnar verði í útboðsgönum vegna framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun leggur til grundvallar í álti sínu að í nágrenni framkvæmdasvæðisins eru 16 staðir með fornminjum með 24 þekktum fornleifum. Í sérfræðiskýrslu um fornminjar eru tilgreindar þær þrjár fornminjar sem að mati höfundar skýrslunnar teljast merkilegarstar, það eru rústir eyðibýlana við Moshól/Múskot (nr.2:1) og Rima (nr.3:1) sem í upphafi hafi verið byggðar á 17. öld og þjóðleiðin um Hellisbrú (nr.75:1) sem er hlaðinn göngugarður frá 1840. Báðar rústirnar hafa skv. matsskýrslu hátt verndargildi, eru í ágætu ástandi og skera sig að því leyti úr í samanburði við aðrar fornminjar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Mislæg vegamót við Laugardæli óháð veglínu munu liggja nærrí rústinni á Rima og mjög mikilvægt að farið verði eftir tilmælum Fornleifaverndar um merkingu svæðisins og aðrar ráðstafanir sem stofnunin telur nauðsynlegar við svæðið. Veglína 2 mun hins vegar að auki valda beinum og varanlegum áhrifum á heillegan hluta þjóðleiðarinnar um Hellisbrú og rústum Moshóls/Múskots. Þá getur útfærsla af veglínu 2 að auki raskað álfakirkju í landi Laugardæla. Verði veglína 2 fyrir valinu mun rúst í Efri-Laugardælaeyju komast hjá raski sem annars fer undir veg samkvæmt veglínu 1.

Í niðurstöðu Vegagerðarinnar um áhrif framkvæmdarinnar á menningaminjar kemur fram Vegagerðin telji áhrif af veglínu 1 séu óveruleg, en verði verulega neikvæð vegna veglínu 2 og er Skipulagsstofnun sammála þeirri niðurstöðu. Aftur á móti álítur Skipulagsstofnun að Vegagerðin meti neikvæð áhrif veglínu 2 of mikil á menningarminjar þegar hún segir þau verulega neikvæð. Skipulagsstofnun leggur til grundvallar álti sínu að engar friðlýstar fornminjar eru á svæðinu og flestar minjarnar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verða í tímabundinni hættu og með ítrstu mótvægisáðgerðum má koma í veg fyrir röskun þeirra. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess rökstuðnings sem framkvæmdarðili byggir vægiseinkunnir sínar á sé réttara að meta áhrif veglínu 2 á menningarminjar talsverðar.

Skipulagsstofnun ítrekar að mjög mikilvægt er að unnið verði að framkvæmdinni í nánu samráði við sérfræðing við merkingar og allar aðrar mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins fer fram á í umsögn sinni. Skipulagsstofnun bendir sérstaklega á að Fornleifavernd ríkisins leggur til tvær mögulegar mótvægisáðgerðir fyrir Rima og Moshól/Múskot og beinir þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að láta sem fyrst grafa könnunarskurði á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum og athuga hvort þar leynist fornleifar. Komi fornleifar í ljós þarf að taka afstöðu til frekari rannsóknna og gæti þeim þá verið lokið þegar vegaframkvæmdir hefjast.

3.4 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

3.4.1 Hljóðvist

Í matsskýrslu er greint frá því skoðað hafi verið hljóðstig vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar í 2+2 veg. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á hljóðstig séu ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða lögð til grundvallar. Viðmiðunargildi samkvæmt reglugerð um hávaða er 55 dB(A) við húshlið fyrir utan opnanlega glugga á íbúðarhúsnaði vegna hávaða frá umferð ökutækja. Viðmiðunargildi um hávaða innanhúss er 30 dB(A). Viðmiðunarmörk um hávaða frá umferð fyrir frístundabyggð er 45 dB(A).

Fram kemur að séu skoðaðar niðurstöður hljóðstigsútreikninga við bæ/íbúðarhúsnaði í dreifbýlinu Ölfussi á milli Hveragerðis og Selfoss komi í ljóst að tilkoma tvöfalds Suðurlandsvegar og breyting á legu hans á nokkrum köflum muni leiða til þess að hljóðvist breytist í umhverfinu, bæði til hækkunar og lækkunar. Hljóðstig muni hækka mest þar sem engin samgöngumannviki séu í dag. Á stærstum hluta áhrifasvæðisins sé nú þegar til staðar umferðarhávaði.

Sé tekið mið af umferðarþunga árið 2007 og reiknast hljóðstig frá núverandi vegakerfi með jafngildishljóðstig rétt yfir viðmiðunarmörkum við Mæri. Fyrir orlofsbyggðina í Ölfusborgum sé jafngildishljóðstig þar nú á bilinu 43,8 -47,0 dB(A) en fyrir sumarhús við Hjarðarból reiknist hljóðstigið 47-49 dB(A).

Útreikningar á breytingum á hljóðstigi með tilkomu fyrirhugaðrar framkvæmdar og sama umferðarþunga og var árið 2007 megi búast við því að hljóðstig hækki mest um tæp 2 dB(A) norðan við Suðurlandsveg en lækki við þau hús sem standi sunnan megin vegar um 3-6 dB(A) og verði á bilinu 41,4 – 57,5 við þau hús sem standi næst vegi. Hávaði við Mæri hækki enn frekar og yfir viðmiðunarmörkum. Fyrir orlofsbyggðina í Ölfusborgum hækki hljóðstig mest um 0,3 dB(A) og fyrir sumarhúsin að Hjarðarbóli mest um 1,1 dB(A).

Miðað við umferðarspá fyrir árið 2030, þar sem gert er ráð fyrir tvöföldun umferðar frá árinu 2007 mun hljóðstig hækka mest um 3,2 dB(A) og verða á bilinu 44,0 – 60,6 dB(A) fyrir þau hús sem standa næst fyrirhuguðum veki og fara yfir 55 dB(A) viðmiðunarmörkin við 12 hús. Fyrir orlofshúsabyggðina í Ölfusborgum og sumarhúsabyggðina að Hjarðarbóli muni hljóðstig hækka um 2,9 – 3,2 dB(A) við húshliðar miðað við umferðarspá 2030 og verða á bilinu 47,6 – 52,4 dB(A) við húshliðar.

Milli Biskupstungnabrautar og Hringvegar austan Selfoss fer vegurinn í gegnum óbyggt svæði sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Á hverfisverndaða útvistarsvæðinu Hellisskógi mun hljóðstigið reiknast yfir 55 dB(A) næst veki en í 100 – 150 m fjarlægð frá veglinu 1 og 2 má vænta þess að hljóðstigið verði undir 55 dB(A) miðað við umferð 2007. Miðað við framtíðarumferðarspá ársins 2030 má greina af hljóðkortum í sérfræðiskýrslu um svæðið næst veki þar sem hávaði verði yfir 55 dB(A) breikka í allt að 200 m fjarlægð frá veglinu, mismikið eftir veglinu 1 og 2.

Vegagerðin gerir ráð fyrir að þar sem hljóðstig hækkar og reiknast yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða verði farið í mótvægisáðgerðir til að lækka hljóðstigið.

Sérstaklega er fjallað um mótvægisáðgerðir vegna Mæris og Kotstrandakirkju þar sem Fram kemur að þar sem aðstæður í landi séu mjög óhagstæðar við Mæri myndi það krefjast umfangsmikilla hljóðvarna utandyra og því þurfi að beita byggingartæknilegum lausnum til að verja hljóðstig innandyra í samræmi við viðmiðunarmörk reglugerðar.

Gerð var athugasemd fyrir hönd Gljúfurbyggðar við að Suðurlandsvegur verði ekki lækkaður til að bæta hljóðvist.

Vegagerðin svarar því til að hún hafi bent á á að slíkt valdi auknum vanda varðandi snjósöfnun á veginum, hækki kostnað verulega og valdi verulegum töfum á framkvæmdartíma því beina þarf umferð annað.

Eigendur Friðarminnis við Gljúfurárholt óska eftir svörum við því hvernig staðið verði að hávaðavörnum þegar vegurinn færist nærrí þeim.

Í svari Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar (dags. 4. júní 2010) kemur fram að ætlunin sé að setja mön á milli Suðurlandsvegar og hliðarvegar. Hefðbundnar manir verði notaðar til varna við önnur hús og sumarhús, en ekki sé gert ráð fyrir vörnum vegna Ölfusborga - hugsanlegt er að þær verði hluti af þéttbýlinu árið 2030.

Skipulagsstofnun telur að ágætlega sé gerð grein fyrir hljóðvist við veginn í matsskýrslu og breytingum á henni miðað við umferðarspár með þeim fyrirvörum sem gera þarf við slíkar spár. Í matsskýrslu kemur fram að beitt verði mótvægisáðgerðum sem muni tryggja að hljóðstig innandyra verði í samræmi við viðmiðunarmörk reglugerðar, án þess að þeim mótvægisáðgerðum séu gerð ítarleg skil í skýrslunni, einkum með hliðsjón af umferðarspá fyrir árið 2030. Í svari Vegagerðarinnar við fyrirspurn Skipulagsstofnunar um tilhögum mótvægisáðgerða, kemur fram að ætlunin sé að nota hefðbundnar manir til varna. Skipulagsstofnun telur að óráðlegt sé að grípa umsvifalaust til aðgerða til að bregðast við hávaðaspám fyrir árið 2030, til þess er of mikil óvissa um umferðina. Skipulagsstofnun telur hins vegar brýnt að gripið verði til mótvægisáðgerða við þau hús þar sem þar sem hljóðstig verði ofan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða strax í kjölfar framkvæmda. Skipulagsstofnun telur jafnframt nauðsynlegt að hafa samráð við hlutaðeigandi íbúa við ákvörðun um tilhögum mótvægisáðgerða. Það kann að reynast íbúum bjarnargreiði að reisa umfangsmiklar manir til að halda hljóðstigi neðan marka og skerða með því útsýni þeirra, en þess í stað kann að reynast ásættanlegra að bæta hljóðeinangrun þeirra húsa sem í hlut eiga. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að Vegagerðin fylgist með því hvernig umferð þróist um Suðurlandsveg og geri viðkomandi sveitarstjórnunum grein fyrir því hvenær umferð nálgast þau mörk að grípa þurfi til aðgerða vegna þess að búast megi við að hljóðstig fari viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.

Í niðurstöðu Vegagerðarinnar er lagt það mat á að framkvæmdin hafi í för með sér talsvert neikvæð áhrif á hljóðvist og getur Skipulagsstofnun tekið undir það mat framkvæmdaraðila.

3.4.2 Sjónræn áhrif

Fram kemur að við mat áhrifum á staðbundið gildi landslags sé litlð sérstöðu svæða með tilliti til landslags, hver séu ráðandi landslagseinkenni og á hvaða hátt framkvæmdin mun breyta þessum eiginleikum. Engin svæði innan

framkvæmdarsvæðisins njóti verndar m.t.t. landslagsverndar en Hellisskógr útvistarsvæði Árborgar njóti hverfisverndar. Auk mats á beinum áhrifum á landslag hafi verið lagt mat á sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Litið sé til umfangs áhrifanna og eðli þeirra m.t.t. þess hversu viðkvæm aðliggjandi svæði eða sjónarhorn eru fyrir breytingum.

Breikkun Suðurlandsvegar í 2+2 veg með mislægum vegamótum muni auka sýnileika hans verulega þar sem breikkun vegsvæðisins nemur frá 15 – 20 metrum. Hæðarlega verði svipuð og nú er en vegurinn verði lagður um ný svæði á tveimur köflum. Gert sé ráð fyrir að vegkantar verði græddir upp og nýr vegur feldur þannig að landinu. Ný brú yfir Ölfusá muni verða mjög áberandi og verður án efa nýtt kennileiti í Árborg, sama hvor velgínan verði fyrir valinu.

Niðurstaða Vegagerðarinnar er að áhrif á landslag og sjónræna þætti verði talsvert neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að nokkuð vel sé fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Landslag á áhrifasvæði hennar einkennist af landbúnaði auk þess sem tveir þéttbýlkjarnar eru innan svæðisins. Því er ekki hægt að tala um stórar, samfelldar, náttúrulegar landslagsheildir á svæðinu. Þó að nýjar akreinar Suðurlandsvegar muni að stórum hluta fylgja núverandi veglinu, verður umfang vegarins töluvert meira að framkvæmdum loknum m.a. verða byggð fjögur mislæg vegamót. Ásýnd svæðisins mun þannig taka töluverðum breytingum, m.a. munu Klifaklettar (Klif) við Vallavegamót hverfa auk þess sem brú lagning vegarins frá vegamótum vestan Selfoss í nýju vegstæði yfir brú á Ölfusá mun hafa í för með sér breytingar á yfirbragði umhverfi árinnar. Í ljósi ofangreinds er Skipulagsstofnun sammála Vegagerðinni um að sjónræn áhrif veglagningar skv. veglinu 1 geti orðið talsvert neikvæð. Af matsskýrslu er ekki ljóst hver sjónræn áhrif veglinu 2 verða eða hvaða áhrif hún mun hafa á landslag eða einstaka jarðmyndanir innan svæðisins við Hellisskóga, t.d. Grímskletta en þar sem vegurinn er áætlaður um kjarna svæðisins telur Skipulagsstofnun að hann augljóslega breyta ásýnd svæðisins verulega.

Skipulagsstofnun telur að breikkun nýs vegar um tvær akreinar með miðdeili á allri vegleiðinni muni óhjákvæmilega hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og neikvæðar ásýndarbreytingar enda vegurinn allur mun meira mannvirki en núverandi vegur og er sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar um þau áhrif.

3.4.3 Áhrif á útvist

Í matsskýrslu kemur fram að gott reiðleiðakerfi hafi verið byggt upp í Ölfusi og lega reiðleiða hafi því tekið mið af veginum, umferðinni og umferðarhávaða og meginreiðleiðir liggi í nokkurri fjarlægð frá honum. Ný reiðgöng verði gerð undir Suðurlandsveg við Varmá, við Kögunarhól og austan Þórustaðavegar og einnig verði mögulegt að koma hestum undir veginn í farvegi Gljúfurár, um akstursgöngin við Kotstrandarkirkju, Þórustaðanámu, meðfram Ölfusá á báðum bökkum og í farvegi Bakkárholtssá. Reiðgöng undir Suðurlandsveg sem tengi saman reiðleiðir beggja vegna vegarins og muni gera gera hestaferðir mun öruggari.

Fram kemur að einn af þemur stangveiðistöðum í Ölfusá við Selfoss sé við vesturbakka hennar þar sem fyrirhugaðar veglinur munu þvera ána. Gera megi ráð fyrir að truflun verði á veiðum við ána á meðan á brúargerð stendur í 2-3 ár, en ekki er

gert ráð fyrir að mannvirki verði í farvegi árinnar þannig að aðstæðum í ánni verður ekki breytt varanlega. Staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif verða á stangveiðar í Varmá og Ölfusá meðan á framkvæmdinni stendur og ljóst er að eðli veiðisvæðisins við Efri-Laugardælaeyju breytist til hins verra þar sem nýja brúin mun gnæfa yfir svæðið verði veglína 1 fyrir valinu.

Þá er greint frá að öll uppbygging útvistarsvæðisins í Hellisskógi hafi tekið mið af veglínú 1, sem sé í samræmi við aðalskipulag Árborgar. Veglínan muni liggja að mestu vestan svæðisins og fari einungis yfir líttin hluta þess. Ljóst sé þó að nálægð þjóðvegar mun breyta svæðinu úr kyrrlátu útvistarsvæði, því hljóðvist mun breytast frá því sem nú er. Ný veglína og brú yfir Efri-Laugardælaeyju verði mjög áberandi og brúarstólparnir sýnilegir frá öllu útvistarsvæðinu. Verði veglína 2 valin muni hún liggja að kjarna útvistarsvæðisins. Gera megi ráð fyrir að um þriðjungur af útvistarsvæðinu í Hellisskógi, þar með nánast allt svæðið með fram Ölfusá verði gjörbreytt. Vegna framkvæmdanna muni aðstæður í Hellisskógi breytast til hins verra, mismikið eftir því hvor veglínan verði fyrir valinu, veglína 2 hafi þar meiri áhrif.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni veglínú 2 vera betri valkost, hvað varðar umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar. Hins vegar muni veglína 2 skerða meira útvistarsvæði við Ölfusá og því hafa meiri samfélagsleg áhrif.

Samkvæmt matsskýrslu verða áhrif veglínú 1 á goflvöll austan Ölfusár þau að hann fær yfir tvær brautir á suðurhluta golfvallarins og tæki frá um 1/6 af svæðinu, en gæfi þó möguleika á að aðlaga starfsemina að veglínunni. Veglína 2 fær yfir norðanverðan völlinn og klyfi um 1/3 svæðisins frá, veglínan myndi liggja yfir klúbbhúsið. Ljóst sé að gera þyrfti miklar breytingar á rekstri golfvallarins eða að flytja hann verði veglína 2 valin.

Þá kemur fram að ný veglína og vegamót vestan Selfoss hafi í för með sér að finna þurfi nýjan stað fyrir vélhjólabraut Ungmennafélags Selfoss þar sem vegamótin fara yfir brautina.

Skipulagsstofnun telur að áhrif veglínú 1 hafi í för með sér tímabundin og staðbundin neikvæð áhrif á stangveiði í Varmá og Ölfusá, en varanleg áhrif á aðstöðu til útvistar í Hellisskógi, á goflvöll austan Ölfusár og vélhjólabraut vestan árinnar, en þau áhrif geti ekki talist veruleg. Í umsögn Sveitarfélagsins Árborgar er bent á að Hellisskógr hafi mikið gildi sem útvistarsvæði fyrir breiðan hóp fólks úr sveitarféluginu og því séu áhrif af veglínú 2 verulega neikvæð og sama skoðun kemur fram í athugasemd Skógræktarfélags Selfoss. Skipulagsstofnun getur tekið undir ofangreint því það er ljóst að með því að leggja veg um Hellisskógr skv.veglínu 2 með tilheyrandi raski og auknum umferðarhávaða mun það hafa neikvæð áhrif á útvist í skóginum og á öðrum skipulögðum útvistarsvæðum í nágrenni hans, meiri en af veglínú 1. Skipulagsstofnun er hins vegar ekki ljóst hvernig nýting þessara útvistarsvæða er, né hve mikilvægu hlutverki þau gegna til útvistar í sveitarféluginu og í ljósi þess telur stofnunin að óvissa ríki um hversu mikil neikvæð áhrif veglínú 2 kann að hafa á útvist.

3.4.4 Flóðahætta

Í matsskýrslu kemur fram að í samráði við Veðurstofuna hafi verið farið yfir hugsanlegar flóðahættur og áhrif framkvæmdarinnar á flóðaleiðir í tengslum við flóð á Hvítar- og Ölfusárvæðinu.

Við mat á einkennum og vægi áhrifa voru bornar saman veglínur 1 og 2 á milli Ölfusár og núverandi Suðurlandsvegar.

Hættulegustu flóðin í Ölfusá og Hvítá séu regn- og leysingaflóð ofan í ísilagða á. Þá aukist hættan á myndun klaka- og ísstífla sem belgja upp árnar og geta myndað þrepahlaup, auk þess sem áin hleypur upp úr sínum náttúrulega farvegi. Fram kemur að á síðustu öld hafi flestar ísstíflur í Ölfusá myndast neðan við Ölfusárbrú. Bakflæði hafi valdið því að flóðavatn hafi átt greiða leið inn í miðbæinn. Ekki sé talið að ísstíflur neðan núverandi brúar hefðu teljandi áhrif á þær veglínur og brúarstæði sem hér eru til umræðu. Þó séu til heimildir um að á 19. öld hafi myndast ísstífla rétt sunnan við gamla ferjulægið. Pess konar ísstífla gæti hugsanlega hækkað vatnsborð fyrir ofan stíflu það mikið að vatn myndi flæða upp úr farveginum og leita beggja vegna Svarfhóls og renna til suðurs.

Verði ísstíflur í Hvítá geta þær valdið því að vatn fari úr farveginum. Vatn sem nær að flæða upp úr farvegi Hvítár og leitar suður nái ekki beint til sjávar. Suðurlandsvegur virki sem stífla og beini vatninu til vesturs með honum að Selfossi. Til staðar séu skurðir sem geti séð um að veita mesta vatninu norður fyrir Selfoss og í Ölfusá. Suðurlandsvegur sé í um 21 m.y.s. og ef þeirri veghæð verði haldið að Ölfusá og skurðakerfi komið fyrir norðan veglínu 1 þá megi beina mesta vatninu í burtu frá Selfossi og út í Ölfusá. Verði valkostur 2 fyrir valinu verði gerðir skurðir með fram veglínunni til að beina vatninu út í farveginn aftur.

Þá kemur fram að fyrirliggjandi hönnun geri ekki ráð fyrir að farvegur þrengist á nokkurn hátt og því hafi framkvæmdin engin áhrif á farveg Ölfusár. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdatími við brú yfir Efri-Laugardælaeyju í veglínu 1 sé um 2,5-3 ár. Nokkur hætta sé á að stórt flóð í Ölfusá geti truflað framkvæmdina og skemmt bráðabirgðamannvirki í ánni þannig að byggja þurfi upp að nýju. Áætlaður framkvæmdatími við stagbrú í veglínu 2 sé um 2 ár og nánast óháður flóðum í Ölfusá þar sem ekki sé þörf fyrir fyllingar eða undirstöður í árfarveginum.

Það er niðurstaða framkvæmdaraðila að leiða megi líkur að því að áhrif af lagningu Suðurlandsvegar frá Ölfusá austur fyrir Selfoss séu að mestu jákvæð fyrir byggðarlagið Selfoss út frá flóðahættu. Vegurinn verði hannaður sem uppbryggður vegur alla leið að núverandi Suðurlandsvegi og tenging mislægra vegamóta verði yfir Suðurlandsveg. Vegurinn virki þá sem stífla fyrir byggðina. Þá sé gert ráð fyrir að grafinn sé skurður norðan við veg samhliða veglagningunni, þar sem flóðavatn ofan úr Flóa ætti greiða leið út í Ölfusá.

Skipulagsstofnun telur að ágætlega sé gerð grein fyrir flóðahættu og áhrifum flóða umhverfis nýjan Suðurlandsveg. Skipulagsstofnun telur brýnt að ný brú á Ölfusá þrengi ekki náttúrulegan farveg árinnar líkt og Vegagerðin áformar. Stofnunin telur að veglína 1 sé heppilegri en veglína 2 með hliðsjón af því að veglína 2 kallar á umfangsmeiri ráðstafanir til að veita flóðvatni út í Ölfusá. Verði ekkert gert í þeim efnunum virðist flóðvatn geta safnast við gatnamótin við Selfoss. Skipulagsstofnun telur að nýr Suðurlandsvegur hafi óveruleg eða fremur jákvæð áhrif á flóðahættu á Selfossi en telur nokkra óvissu rískja um áhrif vegarins á aftakaflóðm en slíkir atburðir séu fátíðir.

4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna Suðurlandsvegar frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er ekki í samræmi við stefnu aðalskipulags Ölfuss, Árborgar og Flóahrepps. Áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 vegna breytrar legu vegarins milli Kotstrandarkirkju og Ártúnshverfis og mislægra gatnamóta þar. Auk þess þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2005-2025 vegna tilfærslu Suðurlandsvegar vestan Selfoss, staðsetningar mislægra vegamóta við Biskupstungnabraut og þverun Ölfusár samkvæmt valkost 2, ef så kostur verður valinn. Loks þarf að liggja fyrir aðalskipulag Flóahrepps, sem geri ráð fyrir breyttri legu Suðurlandsvegar og þverun Ölfusár samkvæmt valkost 2, ef så kostur verður valinn.
- Endurskoða þarf fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlanir á vegum sveitarfélaganna sem fyrirhugaður vegur mun hafa áhrif á. Vegna fyrirhugaðra umferðarmannvirkja nærri byggð (t.d. mislæg gagnamót) mælir Skipulagsstofnun eindregið með því að unnið verði nýtt deiliskipulag fyrir aðliggjandi svæði, annað hvort sem hluti af deiliskipulagi eða fyrir umferðarmannvirkin ein og sér.
- Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð, efnislosun og efnistöku til Flóahrepps, Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Árborgar og Sveitarfélagsins Ölfuss, skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.
- Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 gr. 37 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmdaleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar nema fyrir liggi samþykkt aðalskipulag.
- Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 gr. 38 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúrumínjum á náttúrumínjaskrá.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi sem heilbrigðisnefndir viðkomandi sveitarfélaga veita vegna efnistöku og vinnubúða. Í gildi er reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, eins og vinnslu jarðefna, vinnubúðir, farandsalerni, farandeldhús, aðstöðu fyrir olíuskipti o.fl.
- Um tímabundna mannvirkjagerð eins og vinnubúðir gilda ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustað og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.
- Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 þarf samþykki Fiskistofu varðandi framkvæmdir í nágrenni veiðiáa. Leita þarf samþykki Fiskistofu varðandi tvöföldun Suðurlandsvegar við Hólmsá.
- Sækja þarf um leyfi til Fornleifarverndar ríkisins þar sem hætta er á að fornleifar geti raskast í samræmi við þjóðminjalög nr. 107/2001.
- Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 586/2004 þarf að gæta að fjarlægðum mannvirkja og háspennulína og ekki má hefja vinnu í næsta nágrenni við flutningsvirki í rekstri (innan helgunarsvæðis) nema fyrir liggi heimild frá Landsneti.
- Leyfi skógræktarstjóra þarf til að rjóðurfella samkvæmt II. kafla, 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.b.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vegagerðarinnar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Vegagerðarinnar byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum m.a. þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Skipulagsstofnun telur að þó hefði mátt meta betur umhverfisáhrif ólíkra kosta, þ.e. veglínu 1 og 2 á útvist, ásýnd, fugla og gróður þannig að þau mismunandi áhrif hefðu legið ljósar fyrir og þar með dregið úr þeirri óvissu sem veglína 2 kann að hafa á þessa þætti.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og þeim svarað í meginatriðum. Ljóst er af því sem fram kemur í umsögnum sveitarfélaganna og athugasemdum íbúa á svæðinu að skiptar skoðanir eru um heppilegustu legu vegrarins, staðsetningu og útfærslu vegamóta, þar sem mismunandi hagsmunir eru lagðir til grundvallar. Skipulagsstofnun bendir á að endanleg tilhögun framkvæmdarinnar þarf að vera í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélagana og á því stigi verður að eiga sér stað nauðsynlegt samráð á milli framkvæmdaraðila, sveitarfélaga og íbúa.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Greint er frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, því næst óveruleg og síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Skýringar á skilgreiningu ofangreindra vægiseinkunna er að finna í matsskýrslu og eru sambærilegar við þær sem birtast í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Jarðmyndanir. Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir þ.e. að þau verði ekki veruleg. Þrátt fyrir að vegurinn muni liggja um nútímahraun m.a. Þjórsáhraun mikla og önnur eldhraun frá nútíma sem njóta verndar 37. gr. náttúruverndarlaga telur Skipulagsstofnun rétt að taka tillit til þess stærstur hluti hraunanna er hulinna jarðvegi og gróðri eða hefur nú þegar verið raskað. Að mati stofnunarinnar er verndargildi þeirra minna en úfinna apalhrauna eða sléttra helluhrauna á yfirborði. Því megi leiða rök fyrir því að röskun þeirra geta ekki talist verulega neikvæð.

Gróður. Skipulagsstofnun er í meginatriðum sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar í um áhrif framkvæmdarinnar á gróður. Augljóst er að áhrif svo umfangsmikilla framkvæmda á gróður eru talsvert neikvæð þar, sem þær munu raska 109 ha landssvæði, sem að stærstum hluta er ræktað eða vaxið náttúrulegum gróðri. Þar af munu rúmlega 3 ha votlendi sem nýtur verndar 37. gr. náttúruverndarlaga raskast. Skipulagsstofnun telur að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði það skilyrði sett að fyrir liggi staðfesting þess að Vegagerðin hafi tryggt svæði til þess að endurheimta votlendi á móti því sem tapast, helst í nágrenni framkvæmdarinnar. Vegna veglínu 2 telur Skipulagsstofnun að óvissa ríki um áhrif hennar á gróður í skógræktarlandi Hellisskógs þar sem ekki koma fram upplýsingar í matsskýrslunni um ástand skógarins.

Fuglar. Skipulagsstofnun er sammála mati Vegagerðarinnar um að vegna veglínu 1 yfir Ölfusá kunni áhrifin að verða talsvert neikvæð á fuglalíf við ána. Þau verði að mestu óbein vegna hávaða og röskunar á framkvæmdatíma en að hluta til varanleg vegna röskunar á varpsvædum fugla, þar með talið varpsvæði grágæsar og álftar í Efri – Laugardælaey, sem eru ábyrgðar – og/eða válistategundir. Skipulagsstofnun getur hins vegar ekki fallist á þann hluta í niðurstöðu Vegagerðarinnar um að áhrif veglínu 2 yfir Ölfusá verði óveruleg, þar sem brandugla, sem flokkast sem ábyrgðar- og válistategund, er hugsanlegur varpfugl í Hellisskógi skv. sérfræðiskýrslu. Eingöngu var lagt mat á áhrif af veglínu 1 á ábyrgðar- og válistategundir og því ekki hægt að fullyrða um áhrif veglínu 2 á þessar tegundir. Skipulagsstofnun telur því að áhrif veglínu 2 á fuglalíf háð óvissu vegna skorts á upplýsingum.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar um að vakta beri hugsanlegt áflug á fyrirhugaðar brýr yfir Ölfusá, þar sem áin er mikilvæg farleið fjölda fugla. Skipulagsstofnun leggur til að Vegagerðin vinni vöktunaráætlun í samráði við fuglafræðinga, þar sem fram þarf að koma að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun og í kjölfarið tekin ákvörðun um möguleika á mótvægisáðgerðum ef ástæða þykir til. Skipulagsstofnun telur að við framkvæmdaleyfisveitingar þurfi að setja það skilyrði að fyrnefnd vöktunaráætlun liggi fyrir að hálfu Vegagerðarinnar.

Vatnalíf. Skipulagsstofnun tekur undir niðurstöðu Vegagerðarinnar um að áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf verði ekki veruleg að því gefnu að fylgt verði því verklagi við framkvæmdir við veglagningu yfir árnar og þeirri frágangstilhögum sem boðuð er í matsskýrslu. Stofnunin telur einsýnt að á meðan framkvæmdum stendur muni verða tímacundin neikvæð áhrif á lífríki Ölfusár og Varmára auk Gljúfurá og Bakkárholtssá. Huga þarf að því að skaðleg efni berist ekki í árnar, gæta þarf að sem minnst rask verði á botni þar sem það getur haft varanleg áhrif á samsetningu lífríkis árra og mjög mikilvægt er að gætt sé að tímasetningu framkvæmdar svo ekki sé raskað viðkvæmum skeiðum í lífsferlum fiska. Sérstaklega er mikilvægt að þetta sé haft í huga við þverun Ölfusár og Varmára, en Varmá og nágrenni hennar er á Náttúruminjaskrá auk þess sem töluverðar nytjar eru af ferskvatnsfiskum í báðumánum. Ýmsir þættir framkvæmdarinnar geta ýmist haft bein eða óbein áhrif á vatnalíf sem eru ekki augljós þeim sem ekki þekkja til og því mjög mikilvægt að Vegagerðin hafi öflugt samráð við sérfræðinga á sviði vatnalíffræði um alla tilhögum framkvæmda við ár á framkvæmdasvæðinu. Í matsskýrslunni er fjallað um helstu áherslur sem tíundaðar eru sérfræðiskýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á ár og vötn, og leggur Skipulagsstofnun ríka áherslu á að eftir þeim verði farið við framkvæmdina.

Menningarminjar. Skipulagsstofnun tekur undir það mat Vegagerðarinnar um að veglína 1 hafi ekki í för með sér verulega neikvæð áhrif á menningarminjar og leggur til grundvallar álíti sínu að engar friðlýstar fornminjar eru á svæðinu og flestar minjarnar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verða í tímacundinni hættu og með ítrustu mótvægisáðgerðum má koma í veg fyrir röskun þeirra. Skipulagsstofnun álítur því að áhrif af veglínu 1 ekki veruleg að gefnu tilliti til mótvægisáðgerða. Aftur á móti álítur Skipulagsstofnun að Vegagerðin meti neikvæð áhrif veglínu 2 of mikil á menningarminjar þegar hún segir þau verulega neikvæð. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess rökstuðnings sem framkvæmdarðili byggir vægiseinkunnir sínar á sé réttara að meta áhrif veglínu 2 á menningarminjar talsverðar, en er framkvæmdaraðila að öðru leyti sammála um áhrif framkvæmdanna á þennan þátt. Mjög mikilvægt er að unnið verði að framkvæmdinni í nánu samráði við sérfræðing við merkingar og allar aðrar mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins fer fram á í umsögn sinni.

Skipulagsstofnun bendir sérstaklega á að Fornleifarvernd ríkisins leggur til tvær mögulegar mótvægisáðgerðir fyrir Rima og Moshól/Múskot og beinir þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að láta sem fyrst grafa könnunarskurði á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum og athuga hvort þar leynist fornleifar. Komi fornleifar í ljós þarf að taka afstöðu til frekari rannsókna og gæti þeim þá verið lokið þegar vegaframkvæmdir hefjast.

Hljóðvist. Skipulagsstofnun tekur undir þá niðurstöðu Vegagerðarinnar að framkvæmdin hafi í för með sér talsvert neikvæð áhrif á hljóðvist. Í matsskýrslu kemur fram að beitt verði mótvægisáðgerðum sem muni tryggja að hljóðstig innandyra verði í samræmi við viðmiðunarmörk reglugerðar, án þess að þeim mótvægisáðgerðum séu gerð ítarleg skil í skýrslunni, einkum með hliðsjón af umferðarspá fyrir árið 2030. Skipulagsstofnun telur að óráðlegt sé að grípa umsvifalaust til aðgerða til að bregðast við hávaðaspám fyrir árið 2030, til þess er of mikil óvissa um umferðina. Skipulagsstofnun telur hins vegar brýnt að gripið verði til mótvægisáðgerða við þau hús þar sem þar sem hljóðstig verði ofan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða strax í kjölfar framkvæmda. Skipulagsstofnun telur jafnframt nauðsynlegt að hafa samráð við hlutaðeigandi íbúa við ákvörðun um tilhögun mótvægisáðgerða. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að Vegagerðin fylgist með því hvernig umferð þróist um Suðurlandsveg og geri viðkomandi sveitarstjórnun grein fyrir því hvenær umferð nálgast þau mörk að grípa þurfi til aðgerða vegna þess að búast megi við að hljóðstig fari viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða. Skipulagsstofnun telur að við framkvæmdaleyfisveitingar þurfi að setja það skilyrði að vöktunaráætlun liggi fyrir að hálfu Vegagerðarinnar.

Sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun telur að breikkun nýs vegar um tvær akreinar með miðdeili allri vegleiðinni muni óhjákvæmilega hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og neikvæðar ásýndarbreytingar enda vegurinn allur mun meira mannvirki en núverandi vegur og er sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar um þau áhrif. Landslag á áhrifasvæði hennar einkennist af landbúnaði auk þess sem tveir þéttbýliskjarnar eru innan svæðisins. Því er ekki hægt að tala um stórar, samfelldar, náttúrulegar landslagsheildir á svæðinu. Þó að nýjar akreinar Suðurlandsvegar muni að stórum hluta fylgja núverandi veglínú, verður umfang vegarins töluvert meira að framkvæmdum loknum m.a. verða byggð fjögur mislæg vegamót. Ásýnd svæðisins mun þannig taka töluverðum breytingum, m.a. munu Klifaklettar (Klif) við Vallavegamót hverfa auk þess sem brú lagning vegarins frá vegamótum vestan Selfoss í nýju vegstæði yfir brú á Ölfusá mun hafa í för með sér breytingar á yfirbragði umhverfi árinnar. Af matsskýrslu er hins vegar ekki fullljóst hver sjónræn áhrif veglínú 2 verða eða hvaða áhrif hún muni hafa á landslag eða einstaka jarðmyndanir innan svæðisins við Hellisskóga, t.d. Grímskletta, en þar sem vegurinn er áætlaður um kjarna svæðisins telur Skipulagsstofnun að hann muni augljóslega raska ásýnd svæðisins verulega.

Útvist. Skipulagsstofnun telur að áhrif veglínú 1 hafi í för með sér tímabundin og staðbundin neikvæð áhrif á stangveiði í Varmá og Ölfusá, en varanleg áhrif á aðstöðu til útvistar í Hellisskógi, á golfvöll austan Ölfusár og vélhjólabraut vestan árinnar, en þau áhrif geti ekki talist veruleg. Í umsögn Sveitarfélagsins Árborgar er bent á að Hellisskógor hafi mikið gildi sem útvistarsvæði fyrir breiðan hóp fólks úr sveitarféluginu og því séu áhrif af veglínú 2 verulega neikvæð og sama skoðun kemur fram í athugasemd Skógræktarfélags Selfoss. Skipulagsstofnun getur tekið undir ofangreint því það er ljóst að með því að leggja veg um Hellisskógs samkvæmt veglínú 2 með tilheyrandi raski og auknum umferðaráhávaða mun það hafa neikvæð áhrif á

útvist í skóginum og á öðrum skipulögðum útvistarsvæðum í nágrenni hans, meiri en af veglínus 1. Skipulagsstofnun er hins vegar ekki ljóst hvernig nýting þessara útvistarsvæða er, né hve mikilvægu hlutverki þau gegna til útvistar í sveitarféluginu og í ljósi þess telur stofnunin að óvissa ríki um hversu mikil neikvæð áhrif veglína 2 kann að hafa á útvist.

Skipulagsstofnun bendir á að þrátt fyrir að Vegagerðin hafi greint frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og afstöðu sinni til umsagna og athugasemda á fullnægjandi hátt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að setja skilyrði sem lúta að hljóðvist, votlendi og fuglum. Þannig telur Skipulagsstofnun að unnt sé að halda hávaða innan viðmiðunargilda og lágmarka röskun votlendis og neikvæð áhrif á fuglalíf á Ölfusá.

Eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Í því ljósi bendir Skipulagsstofnun framkvæmdaraðila og leyfisveitendum á að með því að taka ákvörðun um þann valkost sem hefur síður neikvæð umhverfisáhrif og fallast á tillögur stofnunarinnar um skilyrði fyrir framkvæmdinni er komið til móts við fyrrgreint markmið laganna.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni:

1. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi áætlun um vöktun umferðarþróunar um Suðurlandsveg. Í áætluninni sé jafnframt tryggt að viðkomandi sveitarstjórnum verði kynntar reglulega niðurstöður vöktunarinnar og gerð grein fyrir því tímanlega hvenær umferð nálgist þau mörk að grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir að hljóðstig fari viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.
2. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi greinargerð og samninga um það votlendissvæði sem ætlunin er að endurheimta á móti því sem tapast, helst í nágrenni framkvæmdarinnar.
3. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi vöktunaráætlun, í samráði við fuglafræðinga, þar sem vakta skal áflug fugla á fyrirhugaða brú yfir Ölfusá. Í áætluninni sé tilgreint í hverju vöktunin felist og sett skilgreind viðmið um hvenær ástæða þyki til að grípa til mögulegra mótvægisadgerða í samráði við Umhverfisstofnun.

Reykjavík, 14. júní 2010

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson